

# Starfstengdar námsleiðir

Starfsmennt býður stofnunum og starfshópum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðir Starfsmenntar mynda heildarnámskerfi stofnana eða faghópa og geta verið 20-240 stundir. Náminu er ýmist skipt í sjálfstæð námskeið eða stærri námslotur sem starfsmenn velja úr í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar starfa innan hverrar námsleiðar og eiga þar sæti jafnmargir starfsmenn og stjórnendur. Stýrihóparnir ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms. Þeir geta einnig breytt áherslum og inntaki námsins ef breytingar verða á starfsumhverfi og tryggt þannig að nám úreldist ekki.

Námsleiðir Starfsmenntar eru í senn einstaklingsmiðaðar og sameiginlegar öllum starfsmönnum sem þeirra símenntunarkerfi. Námsleiðirnar ríma við starfsmarkmið stofnana og eru rauði þráðurinn í fræðslustarfi þeirra. Starfsfólk hefur því yfirsýn yfir símenntunarkerfi stofnunar í heild sinni en ferðast um það á sinn einstaka hátt. Og þar sem Starfsmennt býr yfir öflugum vefkerfi og styðst við rafræna umsýslu náms er haldið utan

um námsferil hvers og eins á lokuðu, persónulegu vinnusvæði nemenda á netinu.

Á vef Starfsmenntar má sjá námsskrár og allar starfstengdar námsleiðir sem sérhannaðar hafa verið fyrir einstaka stofnanir eða starfsgreinar. Þar skrá þátttakendur sig til leiks og fá upplýsingar um efnistöð, fyrirkomulag, stað og stund. Hver stofnun eða starfsgrein hefur sína eigin gátt á vef Starfsmenntar þar sem allt nám er sett fram og sér Starfsmennt um að senda reglulega út rafrænar kynningar og veffréttabréf til að minna á nám og fylgja því eftir.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir helstu námsleiðir Starfsmenntar sem kynntar eru á netinu en þangað má sækja margskonar fróðleik um símenntunarkerfi og fræðsluáætlanir. Lesendur eru hvattir til að leita fyrirmynda í vel unnin verkefni og setja upp hugmyndir að eigin námi. Hægt er að auðvelda sér leikinn með því að kalla eftir þjónustu Starfsmenntar til að þróa, setja upp, halda utan um og votta starfstengt nám.

## Helstu námsleiðir Starfsmenntar:

- Á fjölunum – námsleið fyrir leiksviðstækna
- Á vettvangi- námsleið fyrir læknaritara
- Áfangar – námsleið fyrir fangaverði
- Áfengis- og vímuefnaráðgjafar
- Brúarnám fyrir verðandi heilbrigðisritara með langa starfsreynslu
- Brúarnám fyrir verðandi félagsliða
- Heilsa – námsleið fyrir starfsfólk á heilbrigðisviði
- Hæfni – námsleið fyrir heilbrigðisritara
- Járnslíða – námsleið fyrir starfsmenn sýslumannsembætta
- Lausnir – námsleið fyrir lyfjatækna
- Skil – námsleið fyrir starfsfólk á innheimtusviði tollstjóra
- Starfsnám stuðningsfulltrúa grunnám
- Starfsnám stuðningsfulltrúa framhaldsnám
- Stoð – námsleið fyrir starfsfólk svæðisskrifstofa
- Tryggingastofnun
- Vinnumálaskólinn fyrir starfsfólk Vinnumálastofnunar
- Vísdomur – námsleið fyrir starfsfólk dómstóla

